

Verkefni: Stjórnarskiptafundur Gígjunnar.
Dagsetning fundar: 5. nóvember 2015
Tímasetning fundar: kl. 20:00 - 21:30
Fundarstaður: Veghús, Suðurgötu 9, Reykjanesbæ

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir (ÞK)	formaður	Skype
Dagbjört Ottósdóttir (DO)	varaformaður	Mætt
Guðlaug Ásgeirsdóttir (GÁ)	gjaldkeri	Mætt
Kolbrún Halldórsdóttir	ritari	Fjarverandi
Anna Lilja Ottósdóttir	meðstjórnandi	Skype
Anna Sigurðardóttir Breiðfjörð	stjórnarmaður	Símasamband
Bryndís Bjarnarson	stjórnarmaður	Skype
Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	vefstjóri	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Formleg stjórnarskipti.**

Formaður er Dagbjört Lára Ottósdóttir (Kvennakórinn Léttisveit Reykjavíkur).
Varaformaður er Þórhildur Kristjánsdóttir (Kvennakór Hornafjarðar).
Gjaldkeri er Guðlaug Ásgeirsdóttir (Heklurnar).
Ritari er Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir (Kvennakór Akureyrar).
Meðstjórnandi er Bryndís Bjarnarson (Kvennakór Hornafjarðar).
Í varastjórn eru: Kolbrún Halldórsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur), Anna Lilja Ottósdóttir (Kvennakór Hornafjarðar) og Una Þórey Sigurðardóttir (Kvennakór Akureyrar).
Ragnheiður Helgadóttir (Kvennakór Hafnarfjarðar) fór úr stjórn fyrr á árinu og tók þá Kolbrún hennar sæti í stjórn en hún gefur nú kost á sér sem varamaður.
Vefstjóri er Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir (Kvennakór Suðurnesja).

2. Norrænt kvennakórasamstarf.

Rætt um að sækja um styrk til Kulturkontakt Nord vegna ferðar til Helsinki í febrúar.
Ákveðið að sækja um sem félag og ætla þær ÞK og GÁ að vinna að styrkumsókninni eftir helgi. Einnig rætt um að athuga með styrk frá menntamálaráðuneytinu.
GÁ ætlar að hafa samband við Rannveigu Pálsdóttur og Margréti Bóasdóttur varðandi þetta málefni.

3. Ársgjöld Gígjunnar.

Rætt um ákvörðun aðalfundar um helmingshækkun á ársgjaldi aðildarkóra til Gígjunnar.
Gjaldið á hvern kór er þá kr. 6000 og kr. 400 á hverja kórkonu. Send hafa verið út innheimtubréf á aðildarkóra í samræmi við ákvörðun aðalfundar.

4. Erindi frá Senjórítukórnum um lákkun ársgjalds.

Ákveðið að fresta ákvörðun um lákkun á ársgjaldi Senjoríta þar sem þær eru skráðar sem hluti af Kvennakór Reykjavíkur. Ákveðið að heyra í formanni Kvennakórs Reykjavíkur varðandi þetta efni.

5. Fjölís.

Ákveðið að Þórhildur verði áfram tengiliður vegna samninga við Fjölís.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 21:30.

Ritari fundargerðar: Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir.